

TANKAR

# Varðveitum vatnið

okkar verðmætustu auðlind



**saeplast®**

TIL LIÐS VIÐ NÁTTÚRUNA




# Til liðs við náttúruna



Tankar eru ein þeirra fjölmörgu vörutegunda sem Sæplast framleiðir úr polyethyleneefni (PE). Þeir gagnast m.a. vel til vatnsgeymslu og vatnsmiðlunar. Þeir geta einnig komið að góðum notum við hvers konar meðferð á efnum eins og fitu, olíu, sápu, þækli og ýmsu öðru. Ástæðan er sú að polyethylene-efnið stenst mjög vel hvers konar efnatæringu.

Tankarnir eru léttir, meðfærilegir og auðvelt er að setja þá niður. Ætlast er til að allir láréttir tankar frá Sæplasti séu grafnir niður og hafi aðhald frá jarðvegi. Inntaks-, úttaks- og yfirfallsstútar eru úr hefðbundnu PE-rörlagnaefni.



Þessir stútar geta verið í þeim sverleika sem hentar kaupanda hverju sinni auk þess sem auðvelt er að mæta sérstökum óskum um staðsetningu og fjölda stúta. Öll tenging lagna er auðveld og örugg með þar til gerðum rörasamtengjum. Mannop eru læsanleg og mikilvægt er að ganga þannig frá öllum opum að börn geti ekki opnað þau. Loftrör upp úr mannopum eru með neti og snúa niður.

Þegar tankar eru lestaðir eða affermdir af flutningatæki skal nota lyftaragaffla eða hífa þá í stroffum. Sé lengd tanks yfir 5 m skal nota tvær stroffur. Sé lengd tanks yfir 10 m skal nota fjórar stroffur. Gæta skal þess að tankarnir séu festir við flutningstæki með tryggum hætti og að þeir fái ekki á sig þung högg við meðhöndlun. Tengistúta þarf að verja sérstaklega. Athygli er vakin á ábyrgð kaupanda um að leiðbeiningum um flutning, niðurstetningu og viðhald sé fylgt.

Áður en hafist er handa við gerð vatnsbóls er nauðsynlegt að meta vatnsgæfni linda, hámarksvatnspörf á sólarhring og velja stærð tanka út frá því. Talið er að meðalvatnspörf á hvern íbúa geti verið 150–220 lítrar á sólarhring. Á sveitabýlum bætist svo við vatnspörf húsdýra og atvinnureksturs. Tankarnir fást í ýmsum stærðum og útfærslum.



Ø600 mm



Ø1.000 mm



Ø1.100 mm



Ø1.390 mm

## Tankar

Stærð	Þvermál ø	Lengd	Inntak/Úttak	Mannop
350 L	600 mm	1.350 mm	32 mm	Án
900 L	1.100 mm	1.240 mm	50 mm	Án
1.250 L	1.000 mm	(H=1620)	50 mm	Með
1.700 L	1.390 mm	1.515 mm	50 mm	Án/Með
2.000 L	1.600 mm	1.500 mm	50 mm	Án/Með
3.000 L	1.600 mm	2.050 mm	63 mm	Án/Með
4.000 L	1.600 mm	2.480 mm	63 mm	Með
5.000 L	1.600 mm	3.030 mm	75 mm	Með
6.000 L	1.600 mm	3.480 mm	75 mm	Með
7.000 L	1.600 mm	4.030 mm	75 mm	Með
8.000 L	1.600 mm	4.360 mm	75 mm	Með
9.000 L	1.600 mm	5.010 mm	75 mm	Með
10.000 L	1.600 mm	5.240 mm	90 mm	Með
12.000 L	1.600 mm	6.120 mm	90 mm	Með

Málsetningar geta breyst um allt að 3%.

Sæplast áskilur sér rétt til breytinga á ofangreindum upplýsingum gerist þess þörf.

Sérsmíðum einnig aðrar stærðir.






## LINDARBRUNNUR

Staðlaðir lindarbrunnar eru fánlegir sem ætlaðir eru til notkunar í lindir og til vatnssöfnunar. Þeir eru með 10 mm síunargötum í botni og uppá hliðar.


Sjá stærðir í töflu.

Lindarbrunnar		
Vöruhegund	Þvermál $\varnothing$	Lengd
Lindarbrunnur 300 L	600 mm	1.200 mm
Lindarbrunnur 1.250 L	1.000 mm	1.620 mm



Frágangur á lindarbrunni





Mismunandi getur verið hvar best er að koma miðlunartanki fyrir. Afar mikilvægt er að vatnstankur sé grafin niður í þurru landi ofar grunnvatnstöðu. Hreyfing á jarðvegi í múri eða öðru votlendi getur hæglega skemmt alla tanka. Mikilvægt er að fjarlægja allan lífrænan jarðveg, s.s. mold og leir, þegar grafið er fyrir tanknum. Grafa skal niður á fast jarðlag en ef það liggur mjög djúpt skal setja ólífrænt undirlag undir tankinn, t.d. grús eða hraun. Við slíkar aðstæður er æskilegt að undirlagið sé minnst 100 sm þykkt og nái vel út fyrir tankinn, a.m.k. 50 sm í allar áttir. Undirlagið verður að þjappa mjög vel til þess að koma í veg fyrir að tankstæðið sigi.

Tankurinn verður að vera láréttur áður en fyllt er að honum. Jöfnunarlág, sand eða fínkorna grús, skal nota næst tanknum. Mjög áriðandi er að þjappa vel að tanknum og upp með hliðum hans. Bestur árangur við þjöppun næst með því að bleyta fyllingarefnið um leið og fyllt er að tanknum. Mikilvægt er að tankurinn sé fylltur af vatni um leið og þjappað er að honum. Síðasta jöfnunarlagið ofan á tanknum

skal vera að lágmarki 20 sm þykkt. Gott er að setja jarðvegsdúk yfir jöfnunarlagið áður en fyllt er upp með jarðvegi. Hæfilegt er að 50–70 sm séu niður á tankinn.

Mikilvægt er að vel sé gengið frá yfirfalli frá tanknum. Það verður að vera frítt rennsli frá því, t.d. efst í skurðbarmi. Ekki má heldur láta renna úr yfirfalli of nálægt tanknum því að þá getur safnast að honum vatn sem spillir tankstæðinu og veldur tjóni.

Góðar upplýsingar um hvernig á að bera sig að við leit, gerð og frágang lítilla vatnsveitna má finna í bæklingnum *Litlar vatnsveitur*. Hann má t.d. nálgast á vef Matvælastofnunar, [www.mast.is](http://www.mast.is) og einnig á [www.saeplast.com](http://www.saeplast.com).





Sæplast ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila  
um niðursetningu á vatnstönkum



SÆPLAST | Gunnarsbraut 12 | 620 Dalvík | Sími: 460 5000 | [www.saeplast.com](http://www.saeplast.com)